

**Ed.**

**588. Frumvarp til laga**

**[286. mál]**

um ávana- og fikniefni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fikniefni.

Hugtakið ávana- og fikniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fikni-lyfja.

**2. gr.**

Varsla og meðferð ávana- og fikniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsg. r.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að varsla og meðferð annarra ávana- og fikniefna, sem sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slikar undanþágur eru ávallt afturtækar.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. málsg. r., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.

**3. gr.**

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fikniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rannsóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. málsg. r., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. málsg. r., frá lyfsölum, svo og varsla efnanna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávisanir.

Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

**4. gr.**

Ákvæðum 2. og 3. greinar verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fikniefni.

**5. gr.**

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu efni, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal

sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar kriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á lögmatan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna, sem lög þessi taka til, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

#### 6. gr.

Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 2. gr. 1. mgr.: Asetorfin, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis. Ketóbemidón, Lýsergíð (LSD, LSD-25), Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílósíne, Psílotsín, Psílocybín, STP, DOM, Tetrahýdrócannabinólar, allir ísómerar.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og hegningarlaganefnd, með væntanlega aðild að „Single convention on Narcotic Drugs 1961 og Convention on Psychotropic Substances 1971“ í huga.

Við samningu frumvarpsins hefur mjög verið höfð hliðsjón af norrænni lög-gjöf um þetta efni, ekki síst dönskum lögum nr. 169/1955, sbr. 1. nr. 213/1965 og 277/1969.

#### I.

Ekki orkar tvímælis, að ávana- og fíkniefni og neysla þeirra fela í sér mikinn vanda fyrir þjóðfélög og einstaklinga víðsvegar um heim. Vísindalegar rannsóknir hafa fært mönnum heim sanninn um skaðvæni þessara efna, þótt vafalaust séu þau misjafnlega skaðvæn. Víða um lönd er talið að það séu ekki síst ungmenni, sem verði fíkniefnaneyslu að bráð. Varsla fíkní- og ávanaefna, afhending og hvers konar meðferð hefur verið lýst refsiverð hvarvetna í nálægum löndum vegna þeirrar hættu fyrir heilsu manna, sem samfara er neyslu þessara efna, og vegna þess, að margvísleg afbrot þykir mega rekja til neyslu þeirra.

Hér á landi voru fyrst sett lög 14/1923 um þetta efni, lög um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., en lög þessi voru að verulegu leyti reist á Haag-samþykktinni frá 23. janúar 1912, er Ísland gerðist að fullu aðili að árið 1921. Á þessum lögum var síðar gerð veruleg breyting með lögum nr. 43/1968 og nr. 25/1970, en lögin frá 1923 voru endurútfegin með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 77/1970, er nú gilda óbreytt. Lagabreytingarnar 1968 og 1970 stefndu í fyrsta lagi að því að rýmka svigrúm ráðuneytis til að mæla fyrir um, hvaða efni skyldu lúta lögum þessum. Í öðru lagi var háttsemi sú, sem lýst var refsiverð, víðtækari að miklum mun en eftir lögunum frá 1923, og var stefnt til höfuðs hvers konar meðferðar á efnum þessum og enn voru viðurlög þyngd, einkum refsing, sem gat orðið allt að 6 ára fangelsi, og eignarupptökuákvæði auk þess lögfest.

Á grundvelli laga 43/1968, 1. gr. (þ. e. 4. gr. laga nr. 14/1923, svo sem henni var breytt með lögum 43/1968) mælti dómismálaráðuneytið með reglugerð nr. 257/1969 svo fyrir, að ákvæði laganna taki til eftirgreindra efna auk þeirra efna, sem falli undir 1. og 2. grein laganna: Kannabis (marihuana), lýsergið (LSD), meskalín (peyote) og psilócybin, svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma. Var ákvörðun ráðuneytisins reist á því, að sannað þyki við vísindalega rannsókn, að efni þessi megi misnota eða að þau hafi slík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr. laganna.

Með lögum 52/1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, er mælt fyrir um stofnun sérstaks dóms er fjalla skal um brot á lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skulu mál vegna brota þessara rekin og dæmd fyrir dómstól þessum. Var dómari í ávana- og fíkniefnamálum skipaður sl. sumar, og hefur hann nú með höndum viðtæka rannsókn þessara mála.

## II.

Lögin nr. 77/1970 eru nokkuð brotakernd. Þau eru fólgin í stofnlögum frá 1923 ásamt tvenns konar breytingum frá 1968 og 1970, svo sem að var vikið hér að framan. Falla breytingarlögin ekki allskostar vel að stofnlögum og ýmislegt stendur þar til bóta, svo sem greint er í rækilegri ritgerð eftir Jónatan Þórmundsson, prófessor. „Eiturlyf og afbrot“, í Útljóti 1972, XXV. árg. 3. tbl. Er til þessarar ritgerðar vísað hér í heild sinni. Er mjög tímabært að endurskoða lögin og semja ný heildarlög um þetta efni að stofni til. Jafnframt er þess að geta, að í grannlöndunum hefur verið farin sú leið að lögfasta refsíákvæði í almennum hegningarlögum um vörslu og ýmiskonar meðferð á fíkn- og ávanaefnum m. a. í því skyni að áréttta, hve alvarlegum augum menn líta á þessi brot. Ráðuneytin eru þeirrar skoðunar að þessa stefnu beri einnig að taka hér á landi, og hefir verið samið sérstakt frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem stefnir að því að koma á þessari skipan. Tengslin milli frv. þessara eru á þann veg, að í frv. til laga um fíkn- og ávanaefni eru efnisleg fyrirmæli, er leggja bann við vörslu og ýmis konar meðferð á efnum þessum, og þar eru einnig ákvæði um refsingu og önnur viðurlög við brotum. Í frumvarpi til breytingar á almennum hegningarlögum er ákvæði um refsingu fyrir öll þyngri brotin gegn lögum um ávana- og fíkniefni og eru refsimörk þar hærri en skv. fyrrgreindum lögum. Verður vikið að þessu atriði síðar.

## III.

Með frv., sem hér er flutt, er stefnt að tiltölulega heillegri löggjöf um ávana- og fíkniefni, en lög 52/1973 voru þó látin halda sér. Þess er að geta, að í ýmsum lögum er vikið að æsandi eða deyfandi lyfjum, sbr. t. d. umferðarlög 40/1968, 24. gr. (akstur ökutækja), loftferðalög 34/1964 52. gr. (enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari sé hann m. a. vegna æsandi eða deyfandi lyfja óhæfur til að rækja starfa á tryggilegan hátt), í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra nr. 39/1964 er rætt um misnotkun á öðrum slævandi eða örvandi efnum en áfengi, og í VI. kafla alm. hegningarlaga er rætt um notkun áfengis og deyfilyfja (57. gr.), sbr. og 17. gr. sömu laga, þar sem ákvæði er um brot, sem framin eru í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja, sbr. og t. d. læknalög 80/1969, V. kafli (sérákvæði um ávísanir lækna, ávana- og fíknilyf), sbr. og lyfsölulög 30/1963, 23. gr. og reglugerð um lyfseðla og afgreiðslu lyfja 30/1966, 6. gr. er fjallar um nautnalyf (eftirritunarskylda). Ekki er hagfellt að fella öll þessi ákvæði í heildarlög um ávana- og fíkniefni, enda varða þau sérstök tilvik og svið.

## IV.

Mikið hefur kveðið að alþjóðlegu samstarfi í sambandi við ávana- og fíkniefni og lyf. Áður var drepið á ópíumsamþykktina, sem gerð var í Haag árið 1912. Önnur

ópíumsamþykkt var gerð í Genf 19. febrúar 1925 og hin þriðja er frá 13. júlí 1931. Sameinuðu þjóðirnar hafa látið sig þessi vandamál miklu skipta. Á ráðstefnu, sem bær boðuðu til, var árið 1961 samþykktur alþjóðasamningur um þetta efni. Single Convention on Narcotic Drugs. Samkvæmt honum er aðildarríkjum skylt að hafa eftirlit með og takmarka framleiðslu og viðskipti með þau efni, sem samningurinn tekur til, en þau eru miklu fleiri en eldri ópíum-samþykktunum var ætlað að ná til. Aðildarríkjum er skylt að setja lög, er mæla svo fyrir, að þessi efni verði aðeins afhent einstaklingum gegn lyfseðli, og er aðildarríkjum skylt að lögfasta ákvæði, sem leggja refsingu við vörslu, kaupum og sölu efna þessara, og eiga alvarleg brot að sæta fangelsi eða annars konar refsivist. Hömlur á meðferð efna þeirra, sem samningurinn tekur til, eru mismiklar, og er efnun skipað í 4 flokka í því sambandi. Alþjóðlegu eftirlitsnefndinni er falið eftirlit með samningnum svo og ávana- og fíkniefnanefnd Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur enn ekki gerst aðili að samningi þessum, en að því stefnt, að svo verði, og hafa vissulega verið gerðar margar ráðstafanir af hálfu löggjafans og framkvæmdavalds hér á landi, sem eru í samræmi við þennan samning, og ganga raunar um sumt lengra en hann býður.

Árið 1971 var gerður nýr samningur „Convention on psychotropic Substances“ (Vínar-sáttmálinn) og er honum ætlað að ná til ýmissa efna og lyfja, sem samningurinn frá 1961 tekur ekki til, þ. á m. ýmissa samtengdra efna, sem hætta stafar af, ofskynjunarefni, amfetamín, svefnlyf (barbitúröt) og róandi lyf. Í honum eru ákvæði um 4 flokka efna og lyfja, sem háð eru mismunandi ströngu eftirliti. Í I. flokki er m. a. LSD, og er þar nánast lagt algert hann við því, að það fyrirfinnist innan forráðasvæðis aðildarríkis. Í II. flokki eru amfetamínsefni, og eru þau háð sviðu eftirliti og efni samkvæmt samningnum frá 1961. Í III. flokki eru svefnlyf (barbitúröt) og í IV. flokki ýmis róandi lyf, og er aðildarríkjum einkum lögð sú skylda á herðar að hafa virkt eftirlit með dreifingu þeirra og sumpart útflutningi. Þessi samningur hefur ekki enn gengið í gildi, en allmörg ríki hafa undirritað hann.

Minna má hér einnig á samþykktir Evrópuráðsins, svo og á ýmsar samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Við samningu þessa frumvarps er haft mið af alþjóðasamningnum frá 1961 og 1971, og er reynt að haga frv. svo að lögfesting þess skapi grundvöll undir aðild Íslands að samningum þessum, þótt í því efni reyni á ýmis önnur lög, sbr. t. d. lyfsölulögin.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Með 1. málsgrein er ríkisstjórninni veitt heimild fyrir Íslands hönd, til að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni. Þeir samningar, sem nú er um að ræða eru:

1. Single Convention on Narcotic Drugs 30. mars 1961 ásamt bókun um breytingar á þeim samningi dags. 25. mars 1972.
2. Convention on psychotropic Substances 19. febrúar 1971.

Í 2. málsgrein segir almennt, að hugtakið ávana- og fíkniefni taki einnig til ávana- og fíknilyfja. Er óþjáltað tala bæði um efni og lyf í þessu sambandi, og er því yfirleitt talað hér um efni, en jafnframt sleginn við varnagli til skýringar í þessu ákvæði.

##### Um 2. gr. sbr. 6. gr. og um 3. gr.

Í ákvæðum þessum eru sérstaklega greind þau ávana- og fíkniefni eða lyf, sem ætlunin er að stemma stigu við eða banna með öllu innflutning á, vörslu og meðferð hér á landi, svo og útflutning. Að öðru leyti er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilað að mæla fyrir í reglugerð, um meðferð annarra ávana- og fíkniefna. Er þetta

svipuð stefna og tekin var upp 1968 og 1970, sbr. 4. gr. laga nr. 77/1970, en þess er þó að geta, að í 1.—3. gr. þeirra laga eru ópíum, ópíumsleyfar og afgangar, svo og morfín, kókaín og heróín sérstaklega tilgreind.

Telja verður almennt varhugavert að efnisinntak í háttsemi, sem refsing er lögð við, sé ekki greind til hlítar í refsíákvæði heldur velti að einhverju leyti á ákvörðunum framkvæmdavaldsins. Hér gegnir sérstöku máli. Örar breytingar verða í sambandi við ávana- og fíkniefni eða slík lyf og er gert ráð fyrir í alþjóðasamningum, að til sífelldrar endurskoðunar komi á ákvörðunum um þessi efni eða lyf, er undir samningana falla.

Tilgreining á öllum efnum þessum eða lyfjum í lagatextanum er miklum vandkvæðum bundin vegna sífelldra breytinga. Er þessu máli skipað í Norðurlandarákjunum hinum með svipuðum hætti og hér er lagt til. Skal nú vikið að nokkrum þáttum 2. og 3. greinar.

#### A. Ákvörðun á því, hver efni og lyf falli undir lögin.

Heimild ráðherra til að kveða á um, að tiltekin efni eða lyf falli undir lögin horfir mismunandi við eftir atvikum, og skal það nú greint stuttlega:

1. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. sbr. 6. gr. er heimild ráðherra takmörkuð, að því leyti að tilgreind lyf eru bönnuð á íslensku forráðasvæði. Í 2. mgr. 2. gr. er heimild fyrir ráðherra til þess að kveða á, í reglugerð, um bann við vörslu og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum. Hér er um að ræða alþjóðasamninga, sem Ísland hefur gerst aðili að. Í 3. mgr. 2. gr. er ráðherra veitt heimild til að veita undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. Er þar sérstaklega tekið mið af vísindalegum rannsóknum.
2. Samkvæmt upphafi 3. gr. er heimild ráðherra bundin við efni, sem ekki falla undir 2. gr. sbr. 1 hér að ofan, en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- eða fíkniefna eða lyfja, enda séu þau skráð sem slík í alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að. Varsla og meðferð þeirra efna og lyfja er ekki bönnuð, en notkun þeirra einskorðuð við það, að þau séu notuð í „læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi“. Þá getur heimildin einnig verið fyrir hendi, ef vísindalegar rannsóknir þykja eindregið benda til þess, að efni eða lyf hafi slíka hættu í för með sér, sem greinir hér næst á undan. Samkvæmt þessu er heimild ráðherra settar lagaskorður, og er það með þeim hætti, að ekki þykir ástæða til að óttast að dómstólar muni telja hér of langt gengið í valdframsali frá löggjafarvaldi til framkvæmdavalds, miðað við þá túlkun, sem þykir mega leggja í dómvenjur á þessu sviði.

#### B. Varsla, meðferð efna og lyfja samkv. 2. og 3. gr.

Í þessu efni kemur fram meginmunur á efnum, sem falla undir 2. gr. annars vegar og 3. gr. hins vegar.

- a. Ávana- og fíkniefni, er falla undir 2. gr., eru með öllu bönnuð á íslensku forráðasvæði, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til, sbr. 3. málsg. 2. gr. Er samfellt bannákvæði um efni þau, sem falla undir fyrri og síðara málslíð 2. gr. í 4. málsg. 2. gr. og er til þess stofnað, að yfirleitt sé hvers konar varsla og meðferð efna þessara og lyfja refsiverð.
- b. Samkvæmt 3. gr. er aðeins reist rönd við því, að efni þau eða lyf, sem þar greinir, verði notuð í öðru skyni en í læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Samkvæmt því er innflutningur og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla einungis heimil lyfsölum og öðrum þeim, er ráðherra veitir leyfi til þessa, þó svo að kaup og móttaka lyfja og efna þessara frá lyfsölum og varsla þeirra sé einnig heimil þeim, sem

við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávisanir (sbr. 3. málsgr.). Að öðru leyti er innflutningur og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara lyfja og efna bannaður hér á landi.

Greinarmörk 2. og 3. greinar eru að verulegu leyti reist á flokkun í alþjóðasamþykktunum frá 1961 og 1971 á einstökum ávana- og fíkniefnum og lyfjum. Tekið skal fram, að þar sem talað er um afhendingu í 2. og 3. gr. er m. a. átt við það, er maður veitir öðrum ávana- eða fíkniefni. Varsla í sömu ákvæðum á m. a. við um geymslu. Orðalag 2. og 3. gr. nær til þess, er í vörslum farþega, sem hefur viðdvöl hér á landi, finnst ávana- eða fíkniefni, svo og ef þess konar efni finnst í farangri slíks manns eða í vörum og farangri, sem umhlaðið er hér á landi.

#### Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sett til öryggis og svarar að efni til ákvæðis í dönskum lögum um ávana- og fíkniefni, og á m. a. við um samtengd efni og efnisblöndur, efnisleifar og afganga.

#### Um 5. gr.

Refsihámark skv. 1. málsgr. er 2 ár, en þess er að geta, að stórfelld brot eiga undir 173 gr. a. alm. hgl., ef framangreint frv. verður lögfest, og eru refsimörk þar 10 ár. Tæmir greint ákvæði alm. hgl. þá sök og á ekki að beita 5. gr. 1. málsgr. samfara því ákvæði. Refsimörk eru hér svipuð og í lögum á hinum Norðurlöndunum.

Um 2. málsgr. athugast, að brot gegn lögum þessum ber að reka og dæma samkvæmt lögum nr. 52/1973, en í sérstöku frv. er lagt til, að lítilsháttar breyting verði gerð á greindum lögum til þess að taka af öll tvímæli um, að brot gegn þessum lögum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, eigi að reka og dæma af dómi í ávana- og fíknimálum.

Í 3. málsgr. er lagt til, að heimilt sé að refsa fyrir brot, sem framin séu af ásetningi eða gáleysi, og er það gert til fyllingar og áréttingar á 18. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. málsgr. er það nýmæli. að heimilað er að refsa fyrir tilraun til brots og hlutdeild í því. Hæstiréttur hefir í dómi hrd. XLIII, bls. 345 refsað fyrir tilraun til brots á lögum 77/1970 samkvæmt löggjöfunum frá 1. gr. alm. hegningarlaga, en sjálfsagt er, að ótvírætt ákvæði sé um þetta í lögum.

Í 5. mgr. er fjallað um upptöku efna. Lagt er til, að upptökuákvæðið sé haft það rúmt, að efni, sem finnast í ólögmætri vörslu, skuli gera upptæk til ríkis-sjóðs. Þannig skal gera upptækt t. d. lyf, sem lög þessi taka til og afgreitt hefur verið á löglegan hátt úr lyfjabúð, en komist hefur í vörslu annars aðila með sölu eða annarri afhendingu, sem andstæð er lögum og almennum reglum um lyfseðla.

Í 6. mgr. er fjallað um upptöku andvirðis sölu, svo og upptöku muna. Lagt er til, að heimilt sé að gera upptækt fullt andvirði hverrar ólögmætrar sölu og ekki tekið tillit til kostnaðar við öflun efnisins.

Einnig er lagt til, að heimilt sé að gera upptæka hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna þeirra, sem löggin taka til. Getur þar verið um að ræða tæki til framleiðslu, muni notaða eða ætlaða til flutnings efnanna eða geymslu þeirra.

#### Um 6. gr.

Sbr. um 2. og 3. gr. þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.